

Mánudaginn 11. janúar 1965.

Nr. 143/1963. **Sverrir Bjarnason** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
Oliufélaginu Skeljungi h/f
 og
Protabúi Hafnavers h/f
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Logi Einarsson og
 Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Magnús Þ. Torfason.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1963 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda Oliufélagsins Skeljungs h/f og stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Oliufélagið Skeljungur h/f krefst þess, að héraðs- dómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi þrotabúi Hafnavers h/f hefur eigi látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, þótt því hafi verið löglega stefnt.

Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að hann hafi haft umboð Hafnavers h/f til að samþykkja vixil þann, sem í málinu greinir, fyrir hönd hlutafélags þessa. Er áfrýjandi því sjálfur skuldbundinn sem samþykkjandi vixilsins sam- kvæmt 8. gr. vixillaga nr. 93/1933, sbr. 53. gr. sömu laga. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Oliufélaginu Skeljungi h/f málskostnað fyrir Hæsta- rétti, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Sverrir Bjarnason, greiði stefnda Olíufélaginu Skeljungi h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Hallgrímur Fr. Hallgrímsson f. h. Olíufélagsins Skeljungs h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. september 1962, aðallega gegn Sverri Bjarnasyni, Efstasundi 52, Reykjavík, persónulega, en til vara gegn honum f. h. Hafnavers h/f, Höfnum í Gullbringusýslu, til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Varastefndi, Hafnaver h/f, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Er málið var munnlega flutt og tekið til dóms 8. október 1963, var eigi sótt þing af hálfu varastefnda, og er því málið skriflega flutt, að því er hann varðar, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Framangreindur víxill er útgefinn af aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni, 8. september 1961 og samþykktur af Sverri Bjarnasyni pr. pr. Hafnaver h/f til greiðslu 18. september 1961. Víxill þessi var eigi afsagður vegna greiðslufalls.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín og byggir kröfur sínar á því. Reisir stefnandi kröfur sínar á hendur aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni persónulega, á því, að vafasamt sé, hvort hann hafi haft lögmæta heimild til að binda Hafnaver h/f, er hann samþykkti víxilinn pr. pr. Hafnaver h/f, og verði eigi talið, að hann hafi haft slíka heimild, þá hljóti hann að vera persónulega ábyrgur fyrir greiðslu víxilskuldarinnar. Verði hins vegar litið svo á, að Sverrir Bjarnason hafi haft slíka heimild, telur stefnandi, að varastefndi, Hafnaver h/f, sé ábyrgur greiðsluaðili í málinu.

Víxilskuld sú, sem um ræðir í máli þessu, á rætur sínar að

rekja til viðskipta varastefnda, Hafnavers h/f, við stefnanda. Varastefndi keypti olíu hjá stefnanda, og var vara þessi goldin með umræddum vixli. Er ágreiningslaust, að kaup þessi voru í þágu varastefnda og komu honum að notum, svo sem til var ætlaðt.

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, sem telur sig hafa verið framkvæmdastjóra Hafnavers h/f frá og með febrúarmánuði 1961 til loka nóvember sama árs, styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að hann hafi með vitund og samþykki formanns Hafnavers h/f, Othars Hanssonar, og allrar stjórnar félagsins, samþykkt fyrir félagið víxla og gefið út tékkávísanir per procura, eftir því sem nauðsyn félagsins hefði krafðið og geta félagsins leyft, enda falli slíkt beint undir verkahring framkvæmdastjóra. Telur aðalstefndi sig ekki vita betur en slíkt hafi jafnan verið samþykkt af félagsstjórninni, sérstaklega formanninum, Othari Hanssyni, og af bönkum og öðrum viðskiptamönnum félagsins. Telur aðalstefndi jafnframt, að alveg sé eins ástátt um hinn umstefnda víxil og um aðra víxla og tékka, sem hann hafi samþykkt og gefið út á vegum félagsins.

Þau gögn, sem komið hafa fram af hálfu varastefnda, Hafnavers h/f, ber að skýra á þá leið, að varastefndi styðji sýknukröfur sínar þeim rökum, að aðalstefnda, Sverri Bjarnasyni, hafi eigi verið veitt prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f á lögformlegan hátt og hann því ekki getað skuldbundið Hafnaver h/f með samþykki á fyrrgreindum vixli.

Fyrir dómi hefur gefið skýrslu Othar Hansson, sem var á þeim tíma, sem hér skiptir máli, stjórnarformaður Hafnavers h/f. Hann skýrir m. a. svo frá, að aðalstefndi, Sverrir, hafi annazt daglegan rekstur Hafnavers h/f frá því í febrúar 1961 til hausts sama ár. Hafi aðalstefndi eigi haft prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f, en hins vegar hafi hann haft heimild til að veðsetja sjávarafurðir fyrirtækisins í gegnum veðlánakerfi Seðlabankans og Útvegsbankans og til að gefa út tékka f. h. fyrirtækisins. Kveðst Óthar á þessum tíma sjálfur ásamt Einari M. Jóhannessyni hafa haft prókúruumboð fyrir Hafnaver h/f. Hann skýrir enn fremur svo frá, að ekki komi til mála, að aðalstefndi hafi haft sérstaka heimild félagsstjórnar eða formanns félagsstjórnar Hafnavers h/f til þess að samþykkja víxil þann, sem út af er stefnt í máli þessu. Þá segir hann, að samkomulag hafi orðið milli sín sem formanns Hafnavers h/f og aðalstefnda um haustið eða fyrri hluta vetrar 1961, er verið var að gera upp

fjárhag Hafnavers h/f, að aðalstefndi tæki að sér víxil þann, sem stefnt er út af, enda hafi sér þá fyrst verið kunnugt um víxilin. Loks skýrir hann svo frá, að það hafi verið venja í viðskiptum varastefnda, Hafnavers h/f, við stefnanda, að gefnir væru út víxlar fyrir eldri skuldum Hafnavers h/f við stefnanda, áður en ný úttekt fengist, og telur sennilegt, að aðalstefndi, Sverrir, hafi samþykkt þessa víxla f. h. Hafnavers h/f.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði hefur vottað, að samkvæmt hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi í september 1961 haft þrókúruumboð fyrir varastefnda, Hafnaver h/f, þeir Einar M. Jóhannesson og Othar Hansson.

Gegn andmælum af hálfu varastefnda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að aðalstefndi, er samþykkti víxil þann fyrir hönd varastefnda, sem stefnt er út af, hafi haft umboð til að binda varastefnda á þenna hátt. Verður samkvæmt því að telja, að aðalstefndi sé sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum.

Málsúrslit verða samkvæmt framansögðu þau, að dæma ber aðalstefnda til að greiða stefnanda kr. 25.000.00 með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3850.00 í málskostnað.

Samkvæmt þessum málsúrslitum gagnvart aðalstefnda ber að sýkna varastefnda af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Sverrir Bjarnason, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. Olíufélagsins Skeljungs h/f, kr. 25.000.00 með 9% ársvöxtum frá 18. september 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, Hafnaver h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.